

Bæn og Faðir vor

Undir dalanna sól, við minn einfalda óð
hef ég unað, við kyrrláta för.
Undir dalanna sól, hef ég lifað mín ljóð,
ég hef leitað og fundið mín svör.

Undir dalanna sól, hef ég gæfuna gist,
stundum grátið, en oftar í fögnuði kysst.
Undir dalanna sól á ég bú mitt og ból
og minn bikar, minn arinn, minn svefnstað og skjól.

Undir dalanna sól, man ég dalverjans lönd
eins og draumsýn um átthagans rós.
Undir dalanna sól, fann ég heitfenga hönd
eins og heillandi, vermandi ljós.

Undir dalanna sól, geymir döggin mín spor,
eins og duldir er blessa hið máttlausa vor.
Undir dalanna sól, hugsjá hjartans ég vann
og ég hlustaði, skynjaði og fann

Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum / Björgvin Þ. Valdimarsson

Álftirnar kvaka

Jóhannes úr Kötlum / Þorsteinn Jónsson

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf manlegt endar skjótt.

Hallgrímur Pétursson

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Skín við sólu Skagafjörður


Matthias Jochumsson / Sigurður Helgason



Prestur: Séra Hjálmar Jónsson
Organisti: Lára Bryndís Eggertsdóttir
Einsöngur: Bjarni Guðmundsson
Kór: Félagar úr Karlakórnum Kyrju
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug

Bálför fer fram síðar



Margrét Sigurðardóttir

Fædd 16. júlí 1947
Dáin 5. nóvember 2022



Útför frá Háteigskirkju
miðvikudaginn 16. nóvember 2022

Forspil

Ave Maria

Schubert

Bæn

Íslenska konan

Ómar Ragnarsson / Billy Joel

Ritningarlestur

Heyr himnasmiður hvers skáldið biður.
Komi mjúk til mín miskunnin þín.
Því heiti' eg á þig, þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn, þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig, að græðir mig.
Minnst mildingur mín, mest þurfum þín.
Ryð þú röðla gramur, ríkyndur og framur,
hölds hverri sorg úr hjarta borg.

Gæt, mildingur mín, mest þurfum þín,
helst hverja stund á hölda grund.
Set, meyjari mögur, málfefni fögur.
Öll er hjálp af þér í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason / Þorkell Sigurbjörnsson

Ritningarlestur

Einsöngur

Rósín

Guðmundur Halldórsson / Friðrik Jónsson



Guðspjall

Kveðja

Bubbi Morthens

Minningarorð

Mér finnst ég varla heill, né hálfur maður,
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja
eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum,
er rökkvar, ráðið stjörnumál,
gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niðrað strönd.
Fundið stað,
sameinað
beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin,
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Því eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn.
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar,
ég reyndar sé þig alls staðar,
þá napurt er.
Það nærðir hér
og nístir mig.

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason